



508. Stjórnarfundur haldinn 13. september 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Birgir Ingibergsson (BI) Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB)
Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

EH bauð fulltrúa knattspyrnudeildar velkomna á fundinn þá Sigurð Garðarsson formann og Þorleif Björnsson meðstjórnanda til að kynna aðalstjórn stefnu og framtíðarsýn knattspyrnudeildar. Sigurður fór yfir aðdraganda og undirbúninginn að stefnumörkun og framtíðarsýn. Margt kom fram í þeirri vinnu. Sýndar voru glærur að nýju félagssvæði Keflavíkur sem yrði allt á Hringbrautarsvæðinu og umræður um þessar hugmyndir. EH þakkaði þeim félögum fyrir komuna og þetta fróðlega erindi. Aðalstjórn er jákvæði fyrir þessari framtíðarsýn.

2. Innkomin bréf

Bréf frá Önnu Huldu og Önnu Sigríði v/ eflingar á félagstengslum og tungumálafærni barna af erlendum uppruna. **Móttekið.**

Bréf frá Hafþóri Barða Birgissynir íþrótt- og tómstundafulltrúa og Lovísu Hafsteinsdóttur formanni íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar varðandi samskipti íþróttafélaga við bæjaryfirvöld. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/ Skinfxa. **Móttekið.**

Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar v/Hringbrautar 108. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/sakavottorða. **Móttekið og allir í lagi.**

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild Keflavíkur v/ósk um skammtímalán. **Erindið samþykkt með tölvupósts samskiptum.**

Bréf frá Gunnari Kr. Ottóssyni skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar v/Hringbrautar 108. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ og ÍSÍ v/bæklings sem gefinn er út á sex tungumálum til að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþróttum. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Önnu Sigríði og Önnu Huldu FFGÍR þar sem verið er að minna á fræðsluerindi fyrir þjálfara um að auka þátttöku barna af erlendu uppruna í íþróttum. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/umsóknar Keflavíkur um stöðugildi. Óskað er eftir nánari starfslýsingu á starfinu og kostnaði. **Móttekið og framkvæmdastjóri er að vinna að gerð starfslýsingar og kostnaðar.**

Tölvupóstur frá ÍSÍ v/ íþróttaviku Evrópu. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá ÍSÍ v/ fundar þar sem á að kynna ný persónuverndarlög. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/ heilsu- og forvarnaviku Reykjanesbæjar 1. – 7. október. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á sambandsráðsfund 20. október á Ísafirði. **Móttekið og EH mætir.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/ leiðbeiningar persónuverndar. **Móttekið.**

3. Send bréf

Bréf sent á stjórnir deilda v/hitapressu sem félagið keypti.

Bréf til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/ gervigrasvallar fyrir aftan Reykjaneshöllina.

Bréf til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/ ósk um stöðugildi innan félagsins.

Bréf til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/ aðstoðar við knattspyrnudeild með tíma í Sporthúsinu.

Bréf sent á stjórnir deilda v/ skila á greinum og myndum í jólablað Keflavíkur 2018.

4. Ársþing ÍRB

Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar var haldið 28.maí í Íþróttakademíunni. Lagabreytingar voru samþykktar. Nýr formaður kjörinn Rúnar Vífill Arnarsson. Keflavík var með tíu fulltrúa.





5. Hljóðkerfi í sal 1 og 2

EH sagði frá því að nýtt hljóðkerfi væri komið í sal 1 og 2 og búið að tengja skjávarpana þannig að hægt er að horfa á sjónvarpið í báðum söllum á sama tíma.

6. Námskeið

Ákveðið að halda námskeið fyrir þjálfara í skyndihjálpi og í Nora skráningar- og greiðslukerfi í október.

Framkvæmdastjóra falið að sækja um styrk í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir þessum námskeiðum.

7. Landsmót UMFÍ

Landsmótið á Sauðárkróki var haldið með breyttu sniði. Engin þátttakandi var frá Keflavík.

Unglingalandsmótið var haldið í Þorlákshöfn og átti Keflavík 72 þátttakendur á mótinu.

8. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður haldinn á Ísafirði 20. október. EH mun mæta á fundinn.

9. Önnur mál

EH, ÞMK og Hilmar Jónasson formaður sunddeildar Keflavíkur sátu kynningarfund varðandi nýju persónuverndarlögin sem haldinn var 23. ágúst í Hafnafirði. **Keypt var vinnsluskrá sem öll félög þurfa að eiga.**

EH og ÞMK fóru á fund íþrótt- og tómstundaráðs 4. september og fylgdu eftir máli hvað varðar starfsgildi inn til félagsins ásamt gervigrasvelli fyrir aftan Reykjaneshöll. Einnig sátu fundinn af hálfu knattspyrnudeildar Keflavíkur Jónas Guðni Sævarsson og Jóhann B Guðmundsson.

Búið að gera samning við Símann með internetið og aðra þá símaþjónustu sem aðalstjórn er með.

EH sagði frá því að búið væri að segja upp internet áskriftinni við Nova áður Símafélaginu.

EH óskaði eftir heimild til að kaupa nýjan switch í tölvuskáp og nýja þráðlausa senda. **Samþykkt.**

EH var við opnun Bardagahallar upp á Smiðjuvöllum. Aðalstjórn óskar Taekwondodeildinni til hamingju með nýju aðstöðuna. Við þetta tækifæri fékk Taekwondodeildin afhenta viðurkenningu frá ÍSÍ sem fyrirmyndardeild til næstu fjögurra ára, en það var Vésteinn Hafsteinsson stjórnarmaður ÍSÍ sem afhenti Jóni Oddi Guðmundssyni formanni deildarinnar viðurkenninguna.

Næsti fundur 27. september kl. 18:00

Fundi slitið kl. 18:30 Fundinn ritaði BS.

